

# Fréttabréf



**15 ár í  
baráttunni**



**fyrir bættum hag  
iðnaðarmanna**

# Félag iðn- og tæknigreina 15 ára

Stofnað 12. apríl 2003

**Saga Fit er þó í raun miklu lengri því félög sem standa á bak við FIT eiga rúmlega 100 ára sögu. Þessi félög eiga athyglisverða sögu sem ekki má gleymast. Félag iðnaðarmanna sem mynduðu FIT eru eftirfarandi í aldursröð.**

## Nafn félags og stofnár

1. Múrarafélag Reykjavíkur 2. febrúar 1917
2. Málarafélag Reykjavíkur 4. mars 1928
3. Sveinafélag pípulagningamanna 11. maí 1932
4. Félag bifvélavirkja 17. janúar 1935
5. Félag blikksmiða 12. júní 1935
6. Félag bifreiðasmiða 18. mars 1938
7. Iðnsveinafélag Suðurnesja 2. desember 1942
8. Félag garðyrkjumanna 27. júní 1943
9. Iðnaðarmannafélag Rangæinga 5. nóvember 1950
10. Félag bílamálara 24. nóvember 1956
11. Félag byggingariðnaðarmanna Árnæssýslu 20. apríl 1959
12. Sveinafélag jániðnaðarmanna Vestmannaeyjum 26. Júní 1963
13. Sveinafélag málmíðnaðarmanna Akranesi 7. apríl 1966
14. Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði 16. desember 1967
15. Félag tækniteiknara 31. október 1969
16. Bíliðnafélag / Félag blikksmiða 1. júní 1991
17. Sunniðn 12. mars 1995

## Ný launakönnun

Í þessu tölublaði birtum við nýja launakönnun félagsmanna FIT og óhætt er að segja að upplýsingarnar sem þar koma fram séu lýsandi fyrir þá stöðu sem launamenn eru í um þessar mundir. Launakannanir eru gríðarlega mikilvægt vopn í sífeldri baráttu okkar fyrir sanngjörnum launum og afhjúpa um leið það misræmi sem oft á tíðum er uppi, sem gerir okkur kleift að ráðast gegn því og uppræta með afgerandi hætti. Góð þátttaka í launakönnunum er því afar mikilvæg fyrir alla okkar félagsmenn og það er gaman að geta sagt frá því að þátttaka FIT-félaga er ætíð góð og fyrir það ber að þakka enda ekki sjálfsgætt að menn gefi sér tíma til að fylla út þessar þó bráðnauðsynlegu upplýsingar. Ef draga á saman í stuttu máli niðurstöður þessarar nýjustu launakönnunar má segja að í byggingar- og málmíðnaðargeiranum hafi laun haldist í hendur við almennt launaskrið og er það vel. Meira áhyggjuefni er þó að laun í bílagreinum hafi setið eftir og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Þarna þurfum við að taka okkur á og þarna munum við gera betur!

## Óþolandi kennitölufلاك og gerviverktaka

Kennitölufلاك, svört atvinnustarfsemi og geriverktaka er einhver mesta ógn við heilbrigða atvinnustarfsemi sem við erum að glíma við. Félag iðn- og tækni-greina hefur um árabíl verið leiðandi í baráttu gegn þessari vát og við höldum þeirri baráttu áfram svo lengi sem hún fær að viðgangast í íslensku þjóðfélagi. Þrátt fyrir að hafa tekið frumkvæðið að viðtæku samstarfi við Vinnuárástofnun, ríkisskattstjóra og fleiri opinberar stofnanir, kallað eftir því að stjórnvöld beiti sér af hörku gegn þessu vandamáli, verið með öflugt vinnustaðaeftirlit, gengur hægt að uppræta þessa ógn, aðallega vegna skilningsleysis opinberra aðila. Það gleður okkur þó mikið að sjá að fjölmiðlar hafa tekið þetta baráttumál okkar upp og hefur umfjöllun um þessi mál verið áberandi í sjónvarpi og á síðum netmiðla. Alltof oft fáum við að heyra afsakanir á borð við að um sprotafyrirtæki sé að ræða sem þurfi svigrúm eða þetta sé nauðsynlegt til að geta byggt eitthvað upp. Þetta er nokkuð sem við hlustum ekki á, enda afsakar ekkert lögbrot og svik.

## Refsiákvæði í iðnaðarmannalögin

FIT kallar eftir að hið opinbera hætti að sýna linkind í þessum málum og sýni þá hörku sem þeir aðilar sem stunda svikastarfsemi á borð við þessa virðast aðeins skilja. Við þurfum ekki fleiri nefndir, við þurfum efndir. Við þurfum refsíákvæði í iðnaðarmannalögin, tæki og tól sem duga til að kveða þessa óværu niður í stað þess að gefa þessum aðilum hvert tækifærið á fætur öðru til að pretta, stela og skilja allt eftir í rjúkandi rúst, jafnvel nokkrum sinnum, án þess að taka afleiðingum gjörða sinna. FIT mun halda áfram að berjast í þessu máli með öllum þeim vopnum sem okkur bjóðast.

## Jafngildingu fagnað

Búið er að leggja fram á Alþingi frumvarp um jafngildingu iðnnáms og stúdentsprófs. Verði frumvarpið að lögum þýðir það að sveinspróf verður jafngilt stúdentsprófi hvað varðar aðgang að háskólum. Þetta er gríðarleg viðurkenning á mikilvægi iðngreina og það skiptir okkur miklu máli að félagar okkar geti sótt sér frekari menntun enda verðmæti í því fyrir þjóðfélagið að fjölbreyttur bakgrunnur búi að baki háskólamenntun. FIT fagnar framkomnu frumvarpi og er fullvisst um að alþingismenn styðji þetta frumvarp og sjái til þess að það verði að lögum sem fyrst.

# VIÐ ÞURFUM REFSIÁKVÆÐI Í IÐNAÐAR- MANNALÖGIN



Hilmar Harðarson  
formaður

## Illu farið með erlent vinnuafli

Ljót er sú hlið sem sumir atvinnurekendur hafa sýnt síðustu ár, með illri meðferð á erlendu vinnuafli sem hingað er flutt í stórum stíl. Lélegur aðbúnaður, lág laun, langur vinnutími og margvísleg brot á vinnulöggjöf er bara toppurinn á ísjaknum hjá alltof mörgum og mörg þessara mála enda inni á okkar borðum. Við sjáum fjölda dæma um erlenda starfsmenn sem skráðir eru sem verkamenn en ekki iðnaðarmenn og allar aðferðir sem þessum aðilum dettur í hug eru notaðar til að lækka kostnað og auka hagnað, án tillits til laga eða reglna, hvað þá mannúðar, öryggis og sanngirni. FIT segir hingað og ekki lengra. Setjum þessum aðilum stólinn fyrir dyrnar, stöndum saman í þessari baráttu.

## Kröfugerð lögð fram

Kröfugerð Samiðnar hefur nú verið lögð fram og er hún birt hér í blaðinu. Viðamikil starf hefur verið unnið við samræmingu kröfugerða allra félaganna og er óhætt að fullyrða að sú vinna endurspegli svo sannarlega þær áherslur sem félagsmenn FIT hafa látið í ljósi og eru bæði raunhæfar og sanngjarnar. Við hjá FIT höfum haldið fjölda félags- og fagreinafunda, sest niður með trúnaðarmönnum, heimsótt vinnustaði og hlustað á raddir okkar fólks. Við hvetjum ykkur til að skoða kröfugerðina vel og sjá þær áherslur sem þar koma fram, enda endurspeglar þær ykkar áherslur og skoðanir. Fyrir ykkar kröfum verður barist í komandi samningum.

# Kaupgreiðslur, launaseðill

## Fjallað er um kaupgreiðslur í kjarasamningum. Þar segir m.a.:

Atvinnurekendur skulu í hvert sinn sem útborgun launa fer fram afhenda hverjum starfsmanni launaseðil, þar sem fram kemur greinileg sundurliðun á fjölda dag- og yfirvinnutíma, kaupgjaldi fyrir unninn tíma, ákvæðisvinnugreiðslum, orlofi o.s.frv. einnig allur frádráttur af kaupi svo sem lífeyrissjóðsgjald starfsmanns, stéttarfélagsgjald, opinber gjöld, samtölur frá áramótum, uppsöfnun á fríi sem kemur í stað yfirvinnu o.s.frv.

## Á vinnuréttarvef ASÍ, [asi.is/vinnurettarvefur](http://asi.is/vinnurettarvefur) er einnig fjallað um greiðslu launa.

Launamaður á rétt á því að fá í hendur við útborgun launa sundurliðun á launaútreikningi. Launaseðillinn er einnig kvittun launamannsins fyrir greiðslu skatta, lífeyrissjóðsgjalda og félagsgjalds. Ekkert eitt staðlað form er til um launaseðla en í kjarasamningum koma fram leiðbeiningar um það hvaða upplýsingar skuli vera á launaseðli.

Launamaður ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans. Þessi sönnun verður fyrst og fremst gerð með launaseðli sem launamaður fær afhentan við greiðslu launa. Það er því afar brýnt að launaseðlar veiti sundurliðaðar upplýsingar um greiðslu launa og launafólk varðveiti launaseðla sína.



**KLUKK**  
KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



Available on the  
App Store

GET IT ON  
Google play

## VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á [asi.is/klukk](http://asi.is/klukk)

Sendum félagsmönnum,  
fjölskyldum þeirra og lands-  
mönnum öllum hugheilar  
jóla- og nýárskveðjur.



# Desemberuppþót 2018

**Desemberuppþót, að meðtöldu orlofi, er kr. 89.000 fyrir eftirtalda kjarasamninga:**

- Samtök atvinnulífsins
- Meistarasamband byggingamanna
- Snyrtifræðinga
- Bílgreinasambandið
- Félag pípulagningameistara
- Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma
- Samband garðyrkjubænda
- Ríkið

**Upphæð desemberuppþótar í eftirtöldum kjarasamningum er:**

- Reykjavíkurborg / Faxaflóahafnir: kr 97.100,-
- Strætó kr. 97.100,-
- OR-ON kr. 103.300,-
- Samband íslenskra sveitafélaga 113.000,-
- Landsvirkjun 128.850,-

Desemberuppþótin skal greiðast í **síðasta lagi 15. desember** miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Starfsfólk sem verið hefur samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi 1. desember á rétt á desemberuppþót.

Starfsfólk í **ákvæðisvinnu** fær greidda desemberuppþót líkt og aðrir.

Sá tími sem starfsmaður er í **fæðingarorlofi** telst sem starfstími við útreikning desemberuppþótar.

**Iðnnemar** í fullu starfi hjá fyrirtæki á námstíma fá fulla desemberuppþót.

Fullt starf telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

**Reikniregla: Desemberuppþót deilt með 45 margfaldað með unnum vikum.**

Sjá nánar á heimasíðu FIT: [fit.is/kjaramál](http://fit.is/kjaramál)

# Útskrift vor 2018

## Afhending sveinsbréfa fór fram á glæsilegri nýsveinahátíð á Hótel Nordica þann 22. mars.

IDAN-fræðslusetur hafði veg og vanda af nýsveinahátíðinni ásamt stéttar- og meistarafélögum í viðkomandi greinum. Að þessu sinni heiðraði, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra samkomuna, með því að ávarpa nýsveina.

Boðið var uppá veglegar veitingar sem gestir nutu undir leik hljómsveitar.

Alls útskrifuðust að þessu sinni 36 félagsmenn í FIT.

Afhent voru sveinbréf í eftirtöldum greinum:

- 10 í bifvélavirkjun
- 6 í húsasmíði
- 5 í málaraíðn
- 11 í pípulögnum
- 4 í vélvirkjun

Þeim nemendum sem hæstir voru á prófi í sinni grein voru veitt verðlaun.

Við óskum nýsveinum til hamingju með áfangann.

Fleiri myndir má skoða á myndasafni [fit.is](http://fit.is) og á facebooksíðu FIT.





Bífvélavirkjun



Húsasmíði



Pípulögn



Vélvirkjun



Rennismíði



Málaraiðn



---

### Hilmar Smári Jónsson, sveinn í bifvélavirkjun

Ég er mjög ánægður með að vera búinn að ljúka prófi og fá sveinsbréf. Nú get ég fengið vinnu nánast hvar sem er og valið um miklu skemmtilegri vinnu en áður, svo möguleikarnir hafa aukist til muna við að ljúka sveinsprófi.

Ég hef ekki kynnt mér félagið vel en mér finnst að almennt ætti að efla starfið í kringum nemana og hugsa betur um þá. Það mætti efla fræðslu fyrir nema um hvaða möguleika þeir hafa og hvert þeir geti leitað. Til dæmis varðandi hvaða möguleika þeir eiga á að finna störf við hæfi eftir útskrift.

Ég fór t.d. á nokkra staði að leita mér að vinnu og fékk neitun hér og þar og mér hefði þótt gott að hafa einhvern til að leita til á meðan ég var að leita fyrir mér um starf við mitt hæfi.



---

### Haraldur Jón Jóhannesson, sveinn í málaraiðn

Ég er mjög ánægður með að vera kominn með sveinsbréfið og þetta er einn áfangi í því að taka næsta skref og fara í meistaranám.

Það sem ég hef þurft að leita til félagsins með hefur félagið gert vel. Svo sem að halda utan um og styðja félagsmenn.

Það er mikilvægt að mínu mati að kynna sér hvað er í boði hjá félaginu sínu og nýta sér allt það sem er uppá að bjóða þar. Hvort sem það eru upplýsingar um réttindi eða styrkir úr sjóðum félagsins. Ég sótti til dæmis bæði um fæðingarstyrk og sveinsprófsstyrk sem var mikill stuðningur við bakið á einhverjum sem er kominn með fjölskyldu þegar farið er í nám eins og í mínu tilfelli.



---

### Einar Baldur Einarsson, sveinn í pípulögnum

Mér líður bara mjög vel að vera kominn með sveinsbréfið. Nú er bara vinna framundan. Ég er mjög ánægður með að velja þetta fag.

Félagið hef ég ekki skoðað nægilega vel. En gott er að vita að hægt er að leita til félagsins ef á þarf að halda þó að ég hafi ekki enn haft ástæðu til að leita til félagsins.







# Undirbúningur kröfugerða fyrir kjarasamninga

**Félags- og faggreinafundir voru haldnir á 5 stöðum á landinu fyrstu vikuna í október.**

Á fundunum var fjallað um undirbúning kjarasamninga framundan og kallað eftir viðhorfi félagsmanna til að undirbúa kröfugerð sameiginlega með hinum iðnaðarmannafélögum. Einnig var fjallað um lífeyrismál á fundunum.

Fundir voru haldnir á eftirtöldum stöðum á landinu. Reykjanesbæ, Reykjavík, Selfossi, Akranesi og í Vestmannaeyjum.

Einnig voru haldnir tveir trúnaðarráðsfundir og einn félagsfundur.

Stjórn félagsins hefur fundað reglulega og hafa verið haldnir 11 stjórnarfundir það sem af er árinu. Þar hefur markvisst verið

fjallað um undirbúning kjarasamninga sem verða lausir um áramótin.

Samstarf hefur verið með iðnaðarfélögum um sameiginlega kröfugerð. Undirritaður var samstarfssamningur við hin iðnaðarmannafélögin og unnið var að samræmingu kröfugerða við þau. Hefur verið fundað reglulega í þeirri vinnu.

Miðstjórn Samiðnar fór einnig í hringferð um landið til að kalla eftir viðhorfi félaga innan Samiðnar og safna efni í kröfugerðina. Alls voru haldnir fundir á 9 stöðum á landinu.

Auk þessa var gerð könnun meðal félagsmanna á forgangsatriðum í kröfugerð, samhliða launakönnun félagsins.

Tæplega 900 félagsmenn tóku þátt í könnuninni.

Kröfugerðin er birt í heild hér í Fréttabréfinu.





# **Petta voru of fámenn félög fyrir nauðsynlega þjónustu**

**Rætt við bílasmiðina Ásvald Andrésson og Egil Þ. Jónsson um gamla daga og nýja**

**Meðal stofnfélaga FIT var Bíliðnafélagið-Félag blikksmiða, sem hélt utan um þær greinar sem komu að smíði og viðhaldi bifreiða, auk blikksmiða.**

**Félag bifvélavirkja, Félag bifreiðasmiða, Félag bílamálara og Félag blikksmiða voru allt virk félög áður fyrr en ekki nægilega fjölmenn til að rekstur þeirra væri hagstæður fyrir félagsmenn. Þess vegna hafði Bíliðnafélagið verið stofnað, til að nýta hagkvæmni stærðarinnar. Félag iðn- og tæknigreina var síðan stofnað af Bíliðnafélaginu-Félagi blikksmiða og fimm öðrum iðnfélögum til þess einmitt að styrkja enn frekar afl þeirra og möguleika til að bæta hag félagsmanna. Aðildarfélögunum hefur fjölgað mikið síðan þá.**

En öll þessi félög dattu ekki af himnum ofan eða hófu líf sitt með stofnun Bíliðnafélagsins. Bílasmiðafélag Reykjavíkur, sem síðar var breytt í Félag bifreiðasmiða, var þannig stofnað 18. mars 1938 af 22 einstaklingum sem störfuðu við bifreiðasmiði. Flestir höfðu réttindi í einhverri iðngrein, aðallega húsasmiði, trésmíði eða járnsmíði. Bílasmiði er mjög margþætt grein, sem gerði að verkum að mjög erfitt var fyrir félagið að fá starfið löggilt sem sérstaka iðngrein. Starfið fólst í trésmíði, járnsmíði, glerskurði, raflögnum, málningu og bólstrun. Þau iðnaðarmannafélög sem fyrir voru í landinu vildu því fremur fá bifreiðasmiði sem deild í eigin félagi en að leyfa þeim að vinna við þann verkþátt sem undir þau heyrði hvert um sig. Málara neituðu bílasmiðum um málningarþætti, bólstrarar vildu ekki láta þá fá bólstrunina, glerið var vandamál vegna glermeistaranna og sama var að segja um járnsmíðina og rafmagnsvinnuna. Bílasmiðir vildu á hinn bóginn halda þessum þáttum innan síns félags, en vegna þess hve málið snerti margar iðngreinar varð það erfiðara en ella.

### Sameiginlegt félag meistara og sveina

Það reyndist hins vegar erfitt að fá lærða iðnaðarmenn í einstaka þætti bílasmiðinnar. „Ef yfirbyggingafyrirtæki tók til dæmis rafvirkja í vinnu við að tengja rafkerfi bílanna, endaði það ævinlega með því að rafvirkjarnir gáfust upp - hreinlega fundu sig ekki



Ásvaldur Andrésen,  
bifreiðasmiður



Egill P. Jónsson,  
bifreiðasmiður

”

## Okkur þótti vænt um félagið

í starfinu. Rafkerfið var svo flókið í bilunum að þeir urðu alveg ruglaðir og fannst vera minnkun að því að spyrja óbreytta bilasmiði hvað þetta eða hitt héti. Þess vegna gáfust þeir upp,” sögðu bifreiðasmiðirnir Gunnar Björnsson og Gunnar Stefánsson í viðtali við tímaritið Málmi árið 1978.

Þrátt fyrir erfiðleikana tókst þó að fá félagið viðurkennt á þingi Landssambands iðnaðarmanna árið 1942, eftir mikinn þrýsting, ekki síst af hálfu Gísla Jónssonar og meðmæla ýmissa „mætra manna og stofnana, t.d. Bifreiðaeftirlitsins, tryggingafélaga og vegamálastjóra“, eins og því er lýst í bókinni Hugvit þarf við hagleiksmiðar, þar sem fjallað er um sögu bifreiðasmiði á Íslandi.

Á þessum árum var félagið sameiginlegur vettvangur meistara og sveina, sem fól í sér að innan þess störfuðu hlið við hlið atvinnurekendur, eigendur fyrirtækjanna, og launþegar sem hjá þeim unnu. Af þessu skipulagi leiddi að félagið var ekki stéttarfélag. Þetta skipulag leiddi til nokkurra vandræða þegar kom að launa- og kjaramálum. T.d. vildi verða erfitt um vik um hrein-skilnar og opinskáar umræður um kjaramál og jafnvel samþykktir launakrafna á fundum, þar sem atvinnurekendur gátu verið meirihluti fundarmanna. En skipulagið varð einnig til þess að í lok fimmta áratugar síðustu aldar fór að örla á tregðu meðal eigenda stærstu fyrirtækja í bifreiðayfirbyggingum til að gera samninga og tók oft marga mánuði að semja um lagfæringar á kaupum og kjörum. Verkfallsvopnið var ekki notað vegna eðlis félagsins. Hluti skýringarinnar er að stærstu fyrirtækin voru félagar í Vinnuveitendasambandi Íslands og því bundin stefnu þess í launamálum.



Stjórn Bifreiðasmiða 1977. a.r. Egill Jónsson, Ólafur Guðmundsson f.r. Guðmundur Ottósson, Ásvaldur Andrésson og Gunnlaugur Einarsson.



Mynd tekin í tilefni viðtals við Egil og Ástvald. Egill Þ. Jónsson, Haukur Már Haraldsson, Ástvaldur Andrésson og Jóhann B. Jónsson.

## Skipulagið til trafala

Af þessu leiddu efasemdir um að hægt væri að kalla félagið verkalýðsfélag. Heimildir vinnulöggjafarinnar til að beita verkfallsvopninu voru hins vegar bundnar við verkalýðsfélög, þ.e. samtök launafólks. Lögfræðingur ASÍ á þessum tíma var Egill Sigurgeirsson og í samræðum við hann kom fram að Félag bifreiðasmiða gæti vissulega farið í verkfall, en til þess yrðu félagsmenn að samþykka það í allsherjaratkvæðagreiðslu sem stæði í tvo heila daga og kjósa þyrfti trúnaðarmannaráð, sem hefði umboð til að lýsa yfir verkfalli að fengnu leyfi félagsfundar. Á aðalfundi og framhaldsaðalfundi 1966 var lögum félagsins breytt í þessa veru. Árið eftir var svo samþykkt að taka þátt í þremur skæruverkföllum sem Félag járníðnaðarmanna hafði boðað til.

Til að gera langa sögu stutta kom betur og betur í ljós að skipulag félagsins var bifreiðasmiðum til mikils trafala í baráttunni fyrir bættum kjörum. Því kom upp hugmynd um að bifreiðasmiðir segðu sig úr Landssambandi iðnaðarmanna, enda væri það að stofni til félagsskapur atvinnurekenda, en gengju þess í stað í Málm- og skipasmiðasambandið og þar með í Alþýðusamband Íslands. Það varð að veruleika þann 22. október 1968. Meistarar þeir sem verið höfðu félagsmenn samþykktu á svipuðum tíma að stofna með sér meistarafélag, en úr því varð þó ekki.

Síðan hefur það gerst að Félag bifreiðasmiða sameinaðist Bíliðnafélaginu og Bíliðnafélagið-Félag blikksmiða varð síðar stofnaðili að Félagi iðn- og tæknigreina, FIT, þegar það var stofnað 2003.

Þetta er vissulega löng saga þótt hér sé mjög stuttlega hlaupið

yfir hana. Og það má velta því fyrir sér hvers vegna þessi saga er eins og hún er; hvers vegna lifðu bifreiðasmiðir ekki bara hamingjusamir við sitt félag í stað þess að vera ýmist að stofna ný samtök eða ganga í sambönd sem fyrir voru?

## Þessi félag voru of lítil

Við fengum tvo bifreiðasmiði, Ástvald Andrésson og Egil Þ. Jónsson, til að spjalla við okkur um það. Þeir áttu báðir verulegan þátt í starfi Félags bifreiðasmiða um áratuga skeið. Báðir gegndu þeir stjórnarstörfum um langa tíð; Ástvaldur frá 1964 til 1985, þar af formaður síðustu 14 árin, Egill var í stjórn í 10 ár, þar af varaformaður í sjö ár. Báðir störfuðu auk þess í ýmsum nefndum og ráðum félagsins. Ástvaldur til dæmis í sveinsprófsnefnd þar til fyrir fáum árum. Þeir félagar eru sumsé öllum hnútum kunnugir.

„Þessi félag voru einfaldlega of lítil til að geta veitt félagsmönnum þá þjónustu sem þeir þurftu og höfðu rétt á. Félagsmenn voru of fáir. Við stofnuðum til dæmis sjúkrasjóð, en það var eiginlega ekkert gagn að honum. Eitt sinn veiktist einn félagismaður og átti í miklum erfiðleikum, en sjúkrasjóðurinn var svo lítil að við gátum nánast ekkert hjálpað honum.

Við vorum ekki nógu margir. Þess vegna var betra að sameinast öðrum félögum, nýta sér hagkvæmni stærðarinnar.

Við stofnuðum líka orlofssjóð þegar þeir fóru að verða stór þáttur í starfsemi verkalýðsfélaganna. Keyptum þá hálf orlofshús í Svignaskarði á móti Ísafirðingum. Við urðum að taka lán til að geta keypt það og fórum í Iðnaðarbankann og báðum um þær 15.000



Sæmdir gullmerki á 50 ára afmæli félagsins 1988. Erna María Jóhannsdóttir, Ásvaldur Andrésson, Regína Ingólfssdóttir og Egill Þ. Jónsson

krónur sem helmingurinn kostaði. Bankastjórinn var ekki mjög trúaður á þessa lánveitingu þannig að við stjórnarmenn urðum að ganga í persónulega ábyrgð. Reyndar fór svo að við notuðum þennan bústað mun meira en Ísfirðingarnir, þeir komust ekki alltaf suður.

Við gengum úr samstarfinu í Svignaskarði þegar ákveðið var að reisa þar þjónustumiðstöð. Þær framkvæmdir þótti okkur alltof dýrar. Við keyptum þess í stað gamlan bústað í Hraunborgum, Grímsnesi, með öllu innbúi. Sá bústaður reyndist hins vegar argasta hráskmíði svo við seldum hann og byggðum annan í Fljótshlíðinni. Hann lögðum við í þúkkið þegar við gengum í Bíliðnafélagið.

### Tregablandið að leggja félagið niður

Við vorum eiginlega furðu brattir, ekki fjölmennara félag; náðum aldrei að verða nema rétt rúmlega hundrað talsins. En við létum félagið standa undir sér í daglegum rekstri og tókum aldrei bankalán nema í þetta eina skipti, þegar við keyptum orlofshúsið hálfu í Svignaskarði.

Félagsmenn hafa verið nokkuð sammála þegar við höfum gengið í samtök eða sameinast félögum. Það er helst að hitnað hafi í kolunum þegar við gengum í Mál- og skipasmiðasam-

bandið. Þá fylgdi með aðild að Alþýðusambandi Íslands. Þar með gátu eigendur fyrirtækjanna ekki verið áfram í félaginu með okkur starfsmönnum, þótt sumir þeirra vildu það gjarnan. Margir eru óánægðir enn þann dag í dag.

Þegar við á hinn bóginn gerðumst aðilar að Biliðnafélaginu var það óneitanlega ansi tregabandið. Okkur þótti vænt um félagið, enda hafði það verið stór hluti af lífi okkar. Kannski fannst okkur við vera að tapa einhverju með því að leggja niður Félag bifreiðasmiða og ganga í félag með öðrum iðnaðarmönnum. En við gerðum okkur ljóst að þetta var nauðsynlegt vegna félagsmannanna, sem fengu sáralitla þjónustu frá félaginu sínu.

Hræddir um að verða gleypfir af hinum félögunum?

Nei, við vorum ekkert hræddir við það. Það ríkti algjört traust á milli félagsmanna einstakra félaga.

Sama var þegar Biliðnafélagið-Félag blikksmiða gerðist stofn- aðili að Félagi iðn- og tæknigreina. Það ferli gekk mjög vel og engir eftirmálar að neinu leyti. Allir voru sáttir og eru enn, enda var það mjög skynsamleg aðgerð og öllum til góðs. Síðan hafa fleiri félög gengið í hópinn, þannig að FIT er nú með stærstu stéttarfélögum landsins og ástæða til að óska því góðs á komandi árum.

Einn af kostum þess að sameina svona mörg félög er sá möguleiki að halda námskeið fyrir félagsmenn um ýmsa þætti félagsstarfsins, styrkur þeirra í kjaramálum eykst líka til muna. Fyrir utan hvað allur rekstrarkostnaður verður mun lægri en ef hvert og eitt félag væri að stússast fyrir sig.

## Nýir tímar, nýtt skipulag

En hvað um tengsl þeirra Egils og Ásvaldar við FIT í dag; mæta þeir til dæmis á fundi?

Já, báðir mæta á fundi í félaginu. Egill segist hafa mætt á aðal- fundi í 54 ár í röð, allt frá því hann gekk í Félag bifreiðasmiða. Þeir eru hins vegar sammála um að margt hafi breyst í félagsmálum síðan þeir voru í forystu. „Á sínum tíma voru kröfur félagsins í kjaramálum samþykktar á félagsfundum. Félagsmenn ræddu það á fundum hvaða kröfur ætti að leggja fram og þær sem sam- þykktar voru urðu kröfur í kjaraviðræðum. Það voru launakröfur, kröfur um aðbúnað á vinnustöðum og annað sem snerti starfs- umhverfið. Þessi persónulegu tengsl eru ekki lengur fyrir hendi. Nú eru kröfurnar samþykktar í stofnunum sameiginlegra félaga og síðan samþykktar á félagsfundum. En félagsfundir eru ekki mjög fjölmennir nú til dags, í breyttu þjóðfélagsmynstri. Þannig að hinn almenni félagsmaður kemur ekki mjög mikið að þessum ákvörðunum.

Félag iðn- og tæknigreina gefur félagsmönnum á eftirlaunum kost á að leigja orlofshús félagsins og árlega er eldri félags- mönnum boðið í dagsferðalag, sem báðir segjast taka þátt í.





**Félag iðn- og tæknigreina 15 ára:**

# **„Sterkt og öflugt félag á réttri leið“**

**-Sameiningin gæfuspor í íslenskri atvinnusögu**






**15 ár eru liðin frá því að 5 félög sameinuðust undir merkjum FIT en á næstu árum fjölgaði félögum og í dag stendur FIT á grunni 17 félaga. Elsta félagið í þessum hópi var Múrarafélag Reykjavíkur en það var stofnað 2. febrúar 1917 og því getum við með sannni sagt að þó saga FIT sé 15 ára, séu rætur og heildarsaga félagsins mun lengri og teygi sig yfir heila öld og ári betur.**

**„Þetta voru stór skref sem stigin voru þann 12. apríl 2003 þegar af þessari sameiningu varð og óhætt að fullyrða að þetta hafi verið gæfuspor í íslenskri atvinnusögu. Við erum nefnilega miklu sterkari saman en sundruð,“ segir Hilmar Harðarson, formaður FIT, en mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum 15 árum.**

„Menn vissu sem var að styrkurinn lá í breiddinni og samstöðunni og það hefur verið okkar gæfa hversu öflugt félagið hefur verið frá fyrsta degi. Félagsmenn eru á fimmta þúsund og þeir vita sem er að fátt er mikilvægara í hagsmuna- og launabaráttu en vel skipulagt félag sem stendur þétt að baki sínu fólki og hefur það eitt að markmiði að tryggja velsæld sinna félagsmanna,“ segir Hilmar.

### Fjölbreytileikinn einn helsti styrkur FIT

Fjöldi félagsmanna 2003-2018



**VIÐ STOFNUN**  
 Biliðnafélagið/félag blikksmiða  
 Málarafélag Reykjavíkur  
 Félag byggingamanna í Hafnarfirði  
 Félag garðyrkjumanna  
 Sunniðn, Sunnlenska iðnfélagið

Voru utan ASÍ



Við stofnun FIT árið 2003 var einmitt það haft að leiðarljósi og það leiðarljós logar enn glatt á skrifstofunni í Borgartúni.

„Hver dagur er helgaður baráttunni fyrir bættum kjörum, öryggi félagsmanna, réttindamálum, endurmenntun, tryggingamálum, félagsmálum og svo mætti áfram telja. Grunnurinn að þeim styrk sem FIT býr yfir er að finna í þeim félögum sem sameinuðust og höfðu þá góðu framtíðarsýn að stórt og sameinað félag væri sterkara mörgum minni félögum,“ segir Hilmar.

Hann bendir á að sameiningin hafi einmitt verið grunnurinn að hinum mikla styrk FIT.



„Sameiningin kom í veg fyrir innbyrðis deilur mismunandi félaga, hún endurspeglar ólíkar greinar og ólík landsvæði þar sem sameiginlegir hagsmunir hafa betur en skammtímahugsun sem grefur ætíð undan langtímahagsmunum allra. Það er engin tilviljun að orðatiltækið „Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér“ á vel við um kjarnastarfsemi og tilgang FIT. Við stöndum sameinuð að verki og náum þannig þeim árangri sem við stefnum að.“

Það er gríðarlegur auður í þeirri þekkingu sem FIT býr yfir, þekking sem hvergi er að finna annars staðar og hana nýta félagsmenn FIT í vinnu sinni á hverjum degi, hvort sem er á þeim fjölmörgu vinnustöðum sem FIT félagar starfa á, eða í baráttunni sem stjórnað er frá skrifstofunni.

„FIT stendur á þessum tímamótum afar vel. Sjúkrasjóður félagsins er öflugur en tilgangur hans er fyrst og fremst að koma sjúðfélögum okkar til aðstoðar þegar þeir verða fyrir slysum eða sjúkdómum og detta af launaskrá. Endurmenntunarsjóður stendur afar vel, verkfallssjóður er sterkur og orlofsjóðurinn sömuleiðis.



Félagsmenn hafa þannig aðgang að liðlega 30 orlofshúsum sem FIT á og rekur víða um land. Svona mætti áfram telja og ber þetta allt vitnisburð um það öfluga starf sem unnið er hjá FIT.

„Starfið er hins vegar þess eðlis að aldrei má sofna á verðinum. Árvekni er lykilatriði í öflugu félagi eins og FIT. Sífelld hagsmunagæsla félagsmanna er til staðar. Vinnustaðaeftirlit, vinnustaðaheimsóknir, samstarf og samvinna við fyrirtæki og opinbera aðila, öflugt innra starf, launakannanir, félagsstarf, harka þegar hörku er þörf í kjaraviðræðum, skilningur á sífellt breytilegu landslagi og þróun starfa, alþjóða samstarf til að tryggja að við séum alltaf með á nótunum; allt þetta gerir FIT að því öfluga félagi sem það er“ segir Hilmar.

Á 15 ára afmæli FIT er gaman að líta um öxl og sjá að draumar þeirra félaga iðnaðarmanna sem stóðu að sameiningunni, hefur ræst. Við erum sterkt og öflugt félag á réttri leið. Fullgreiddandi félagsmönnum FIT hefur fjölgað frá stofnárinu 2003 úr 1.624 í 3.920 félagsmenn í dag. Þannig að fjölgun félagsmanna hefur verið rúmlega 140% á þessum 15 árum.

”

**-Fátt er mikilvægara í hagsmuna- og launabaráttu en vel skipulagt félag sem stendur þétt að baki sínu fólki og hefur það eitt að markmiði að tryggja velsæld sinna félagsmanna.**



# Kröfugerð Samiðnar 2018 vegna kjarasamninga sem renna út 31. desember 2018

**Markmið Samiðnar með gerð nýrra kjarasamninga er að tryggja þann árangur sem náðst hefur á síðustu árum og skapa forsendur fyrir áframhaldandi kaupmáttaraukningu. Endurskipuleggja kauptaxtakerfið og tryggja að það endurspegli markaðslaun á hverjum tíma. Samið verði um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar. Að félagslegum undirboðum verði útrýmt og tryggt verði að erlendir starfsmenn njóti þeirra réttinda sem þeim ber. Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á velferðarkerfinu til að tryggja að allir njóti öryggis og þjónustu óháð efnahag, búsetu eða aldri. Tryggt verði að allir búi við húsnæðisöryggi.**

## Launaliður / Nýtt kauptaxtakerfi

Launabreytingar á samningstímanum verði hlutfallslegar og tryggi vaxandi kaupmátt. Samið verði um nýtt kauptaxtakerfi sem endurspegli greidd laun á markaði á hverjum tíma, taki tillit til starfstíma í starfsgrein, ábyrgðar í starfi og menntunar. Einnig er mikilvægt að nýtt kauptaxtakerfi taki mið af þeim breytingum sem hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði með tilkomu erlends vinnuafls. Tryggt verði greiðsluskylda atvinnurekenda á lífeyrisðgjaldi eftir 70 ára aldur.

Ákvæði um bakvaktarálag verði endurskoðað.

## Flutningur á réttindum

Áunnin réttindi s.s. orlofsréttur, uppsagnarfrestur og veikindaréttur fylgi starfsmanninum.

## Stytting vinnuvikunnar

Vinnutími á Íslandi er almennt lengri en þekktist í okkar nágrennlöndum. Tímabært er að gert verði samkomulag um raunstyttingu vinnutíma og dagvinnutími verði 35 vinnustundir á viku án launaskerðingar. Samhliða slíkri breytingu verði sett þak á fjölda yfirvinnustunda til að tryggja raunstyttingu vinnuvikunnar.

Með samkomulagi um styttingu vinnuvikunnar skapast auknir möguleikar á sveigjanlegum vinnutíma sem mikilvægt er að verði útfært samhliða styttingunni. Tryggja verður jafnvægi milli atvinnuþátttöku og einkalífs.

# Kröfugerð Samiðnar gagnvart stjórnvöldum

## Húsnæðismál

Innleiða húsnæðisstefnu þar sem öllum er tryggt húsnæðisöryggi.

- Farið verði í sérstakt átak í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til að vinna upp þann skort sem er á nýju íbúðarhúsnæði. Mikilvægt er að nýttar verði fjölbreyttar lausnir og þær aðlagðar að ólíkum þörfum almennings og byggðarlaga
- Lögfasta skyldur sveitarfélaga til að hafa nægjanlegt framboð af félagslegu húsnæði og hagstæðum lóðum fyrir óhagnaðardrifin húsnæðisfélög.
- Tryggja þarf hagstæða fjármögnun fyrir óhagnaðardrifin íbúðarfélög
- Tryggja þarf betur rétt leigjenda ekki síst hvað varðar hækkanir á leigu
- Auðvelda ungu fólki að kaupa sína fyrstu íbúð t.d með styrk vegna fyrstu kaupa
- Finna þarf lausnir fyrir fólk með tekjur yfir félagslega kerfinu en ræður ekki við að eignast húsnæði á almennum markaði
- Dregið verði úr tekjutengingum vaxta- og húsnæðisbóta og tryggt að þær fylgi launavísitölu
- Húsnæðisliðurinn í vísitölu neysliverðs verði tekinn út úr vísitölunni. Við þá breytingu verði gætt að rétti lántakenda t.d hvað varðar tímasetningu
- Lausnir og leiðir þurfa að taka mið af því að aðstæður eru misjafnar eftir landsvæðum
- Tryggt verði að íbúðarkaupendur eigi kost á hagstæðum lánum og vaxtakjör séu hliðstæð og þekkist í nágrannalöndunum

## Verk- endurmenntun

Verk- og tækninám verði sett í forgang í skólakerfinu og tryggt verði nægjanlegt fjármagn til að mæta aukinni aðsókn

- Tryggja þarf aukið fjármagn í vinnustaðasjóð og að nemendur geti lokið starfsþjálfun á réttum tíma
- Stjórnvöld standi við gefin fyrirheit um Fagháskóla
- Tryggt verði að refsíakvæði iðnaðarlaga nr. 48/1978 taki til atvinnurekenda sem hafa starfsmenn í vinnu sem sinna iðnaðarstörfum án þess að hafa hlotið til þess staðfestingu.

## Velferð fyrir alla

Á undangengnum árum hefur íslenska velferðarkerfið átt undir högg að sækja sem hefur m.a. leit til vaxandi ójafnaðar. Gott og skilvirkt velferðarkerfi er forsenda þess hægt sé að tryggja velferð fyrir alla.

- Samiðn vill að öllum sé tryggtur aðgangur að heilbrigðiskerfinu án tillits til efnahags m.a. með því að draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga.
- Að gert verði átak á næstu þremur árum í að eyða öllum biðlistum í heilbrigðiskerfinu
- Að jafna aðstöðu þeirra sem búa á landsbyggðinni og þurfa að sækja þjónustu fjarri heimabyggð með aukinni þátttöku almannatrygginga í ferðakostnaði, upphaldi og launatapi
- Að tekjutengingar í almannatryggingakerfinu vegna ellilífeyris, örorku og barnabóta verði afnumdar í áföngum. Í lok samnings-tímans verði tekjutengingar vegna elli- og örorkulífeyris komnar niður í 30%

## Breytingar á skattkerfinu

Á undangengnum árum hefur skattkerfið þróast með þeim hætti að það hefur stuðlað að vaxandi ójöfnuði og aukinni skattbyrði hjá þeim sem lægstar tekjur hafa. Mikilvægt er að það náist víðtæk sátt um að snúa þessari þróun við og skattkerfið verði notað með markvissum hætti til að stuðla að meiri jöfnuði og sátt í samfélaginu m.a með að:

- Persónuafsláttur verði leiðréttur og hækki í framtíðinni í samræmi við launavísitölu.
- Ekki verði aukin skattbyrði á millitekjuhópum
- Styrkir úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga verði skattfrjálssir.

## Útrýma félagslegum undirboðum


Miklar breytingar hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði með tilkomu mikils fjölda erlendra starfsmanna. Ekkert bendir til annars en að svo verði áfram næstu árin. Mikilvægt er að aðlaga eftirlit á vinnustöðum að þessum veruleika og gera eftirlitið miklu markvissara og skilvirkara m.a. með að:

- Sameina núverandi vinnumarkaðsstofnanir í eina stofnun sem taki til alls vinnustaðarins þ.e. aðbúnaðar, öryggi og starfskjara.
- Komið verði á fót úrskurðaraðila sem hafi það hlutverk að úrskurða í ágreiningsmálum varðandi starfskjör starfsmanna og tryggt verði að úrskurðir liggi fyrir innan mjög skamms tíma
- Farið verði í sérstakt átak til að útrýma kennitöluflakki
- Keðjuábyrgð verði almenn og taki til alls vinnumarkaðarins


# Laun og launaþróun

## Samantekt unnin fyrir FIT af hagdeild ASÍ, úr gögnum frá Hagstofu Íslands

Miðgildi launa á almennum og opinberum markaði 2017




Laun iðnaðarmanna árið 2017




### Meðaltal heildarlauna 2017 eftir störfum

Mánaðarlaun í þús.




### Meðaltal heildarlauna 2017 eftir störfum

Mánaðarlaun í þús.



### Reglulegt tímakaup iðnaðarmanna e. störfum

Meðaltal ársins 2017 og framreiknað til ársins 2018 m.v. launavísitölu



# Kjarakönnun



Hér á eftir eru helstu niðurstöður könnunar sem FIT gerði meðal félagsmanna sinna. Könnunin var gerð í október sl. Góð þátttaka var í kjarakönnuninni en 852 félagsmenn FIT tók þátt. Þetta er marktækur fjöldi og svona kannanir nýtast í samningaviðræðum, sérstaklega í viðræðum um laun.

Við viljum þakka félagsmönnum kærlega fyrir þátttökuna.

Könnuð var aldursamsetning þátttakenda og er niðurstaða hennar eftirfarandi.

Á hvaða aldri ert þú?	Fjöldi	Prósent
Yngri en 25 ára	24	2,82%
26-34 ára	162	19,01%
35-44 ára	177	20,77%
45-54 ára	200	23,47%
55-64 ára	219	25,70%
65 eða eldri	70	8,22%


## Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?



- Lægri en 300 þúsund
- 550 – 649 þúsund
- 300 – 349 þúsund
- 650 – 749 þúsund
- 350 – 399 þúsund
- 750 – 799 þúsund
- 400 – 449 þúsund
- 800 þúsund eða hærra
- 450 – 549 þúsund




### Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?




- Bygginga- og mannvirkjagreinar
- Bílgreinar
- Hönnun, listir, handverk
- Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar
- Garðyrkja
- Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar
- Tækniteiknun
- Þjónustugreinar
- Annað


### Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bílgreinar



### Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar



### Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir málm-, véltækni- og framleiðslugreinar





# Húsasmiðanemar í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FS) starfrækir námsbraut í húsasmíði og hefur brautin verið starfandi allt frá því að skólinn var stofnaður árið 1976. Skólinn var stofnaður í samstarfi ríkisins og allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Þar sameinuðust Iðnskóli Keflavíkur og framhaldsdeildin við Gagnfræðaskólann í Keflavík. Nemendum á námsbrautinni hefur fjölgað ört undanfarin ár og nú á haustönn eru 25 einstaklingar sem stunda nám við húsasmíði.**

## **FIT styður við verkefni tengt starfsnámi**

Til þess að efla starfsnámið enn frekar hefur FS verið í samstarfi við grunnskólana á Suðurnesjum, þar sem nemendum 10. bekkjar hefur boðist valáfangi í verklegum greinum. Þetta samstarf hefur gengið vel og hafa margir af þeim nemendum sem tekið hafa þennan valáfanga hafið verknám við FS. Jafnframt hefur Vinnuskólinn í Reykjanesbæ verið með starfsdaga tengda verknáminu. Félag iðn- og tæknigreina styrkti FS í því verkefni sem heitir „Látum verkin tala - Verknámssmiðjur í FS“ en

tilgangur þess var að kynna og vekja áhuga nemenda í 9. bekk grunnskóla Reykjanesbæjar og Sandgerðis á verknámi.

## **Nemar byggðu tvær hæðir ofan á skólann**

Í gegnum tíðina hafa nemendur á húsasmiðabraut jafnframt fengið að spreyta sig á fjölbreyttum smíðaverkefnum. Sem dæmi má nefna að á öðru starfsári skólans fengu nemendur ásamt kennara sínum það verkefni að byggja tvær hæðir ofan á skólann. Þegar skóla lauk að vori 1978 var þakið rífið af





skólanum og byggðar voru tvær hæðir ofan á skólann. Þessu var öllu lokið um haustið og gátu nemendur sest á skólabekk aftur fjórum mánuðum síðar og þá í nýju húsnæði en þar fengu kennarar skólans nýja starfsaðstöðu á þriðju hæð. Í dag vinna nemendur við það verkefni að byggja sumarhús sem eru staðsett á skólalóðinni á meðan á byggingu stendur. Byggð hafa verið 17 sumarhús og hefur gengið vel að selja þau öll. Það er bjart framundan varðandi verkefni fyrir nemendur húsasmíðabrautar.

starfseminni í dag er fjárskortur þ.e.a.s. framlög til skólans frá ríkinu sem hafa engan veginn fylgt fjölgun nemenda við skólann. Mörg fyrirtæki hafa leitað til FS eftir starfsmönnum fyrir sinn rekstur og margar ráðningar hafa átt sér stað í gegnum húsasmíðabraut skólans. Ekki hefur verið vandamál að fá námssamninga fyrir áhugasama nemendur. Fulltrúar Félags iðn- og tæknigreina heimsóttu skólann um daginn og þá voru þessar myndir teknar af áhugasömum nemendum og kennara þeirra Gunnari Valdimarssyni við húsasmíðabrautina.

### Uppgangur á Suðurnesjum

Mikill uppgangur er nú á Suðurnesjum og eru stórframkvæmdir fyrirhugaðar á næstu árum. Það sem helst hamlar





**Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Reykjanesbæ.** Gabríel J., Halldór Berg, Ólafur starfsmaður FIT, Hilmar formaður FIT, Elvar, Jónas Eydal kennari, Benjamín Smári, Ágúst kennari, Jakob Máni, Juan Carlos og Andri Hrafn.

## Sloppaafhending til nema í iðngreinum

Félag iðn- og tæknigreina afhenti á árinu nemum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Tækniskólanum í Hafnarfirði, Borgarholtsskóla og Fjölbrautaskóla Suðurlands vinnusloppa fyrir nemendur. FIT hefur leitast við að finna leiðir til að styðja við nemendur sem leggja stund á verknám. Afhending vinnusloppa til nema er liður í því.

Kennarar og nesar í viðkomandi skólum tóku á móti þessim gjöfum úr hendi Hilmars Harðarsonar, formanns FIT. Hér eru nokkrar myndir þar sem sjá má stolta nemendur í nýja vinnufatnaðinum.



**Tækniskólinn, Hafnarfirði.** Talið frá vinstri: Arnar, Steinn, Friðrik, Nökkvi, Pétur, Sindri, Björn kennari, Matthias, Hilmar formaður FIT, Ágúst, Vilberg, Halldór og Bjarni kennari.



**Borgarholtsskóli, Reykjavík**

Talið frá vinstri:

Hilmar,  
Magnús,  
Árni,  
Alexander,  
Arnór,  
Daníel,  
Guðrún,  
Jökull,  
Kaloyan,  
Guðjón,  
Jakób og  
Gunnar.



**Fjölbrautaskóli Suðurlands, Árborg**

Talið frá vinstri:

Sigurþór Leifsson,  
Breki Örn Jenke,  
Eiríkur Árnason,  
Finnur Þór Guðmundsson,  
Hákon Birkir Grétarsson  
Sævar Kristinsson,  
Danía Berit Sigurðardóttir,  
Magnús Tryggvason og  
Hilmar



**Fjölbrautaskóli Suðurlands, Árborg**

Talið frá vinstri:

Sigurður Ísak,  
Viktor Karl,  
Kristberg Ævar,  
Davíð Bjarni,  
Óskar G. kennari,  
Hilmar formaður FIT,  
Gabríel Logi,  
Arnar Steinn,  
Daníel Örn og  
Brynjar Örn.



# Vinnustaðaheimsóknir og breytingar á lögum um útsenda starfsmenn og skyldur

Félag iðn- og tæknigreina hefur alla tíð lagt mikla áherslu á öflugt vinnustaðaeftirlit. Mikill fjöldi erlendra starfsmanna er að störfum í bygginga- og mannvirkjagerð, bílgreinum auk fjölda annarra greina hér á landi. Miklar breytingar hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði vegna þessa. Fram kemur í kröfugerð Samiðnar að mikilvægt sé að aðlaga eftirlit á vinnustöðum að þessum veruleika og gera eftirlitið miklu markvissara og skilvirkara m.a. með því að:

- Sameina núverandi vinnumarkaðsstofnanir í eina stofnun sem taki til alls vinnustaðarins þ.e. aðbúnaðar, öryggis og starfskjara.
- Komið verði á fót úrskurðaraðila sem hafi það hlutverk að úrskurða í ágreiningsmálum varðandi starfskjör starfsmanna og tryggt verði að úrskurðir liggja fyrir innan mjög skamms tíma.
- Farið verði í sérstakt áttak til að útrýma kennitölufлакki.
- Keðjuábyrgð verði almenn og taki til alls vinnumarkaðarins.



## Úrbætur á lögum

Gerðar hafa verið mikilvægar úrbætur á lögum um útsenda starfsmenn og starfsmannaleigur.

Alþingi samþykkti 8. júní sl. mikilvægar úrbætur á lögum erlendra þjónustuveitenda nr. 45/2007, lögum um starfsmannaleigur og fleiri lögum.

Helstu breytingarnar eru m.a. eftirfarandi:

- Lögum um útsenda starfsmenn ná nú til starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja sem eru með starfsemi hér á landi þótt fyrirtækin séu ekki með starfsstöð hér á landi eða hafi gert samning við innlent notendafyrirtæki.
- Sjálfstætt starfandi einstaklingar af Evrópska efnahagssvæðinu skulu tilkynna sig til Vinnumálastofnunar og hefur stofnunin vald til að meta hvort um raunverulega verktöku eða gerviverktöku er að ræða og bregðast við með viðeigandi hætti.
- Viðtækara hlutverk og ríkari skyldur Vinnumálastofnunar.
- Ríkari skyldur eru lagðar á erlend þjónustufyrirtæki, þ.m.t. starfsmannaleigur og sjálfstætt starfandi að veita nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi sína bæði í heimalandinu og hér á landi. Einnig er ríkari upplýsingaskylda á notendafyrirtæki.
- Ábyrgð notendafyrirtækis skv. lögum um útsenda starfsmenn, nær til vangoldinna launa og annarra launaþátta starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja í byggingariðnaði eða mannvirkjagerð sem það gerir samninga við - svokölluð keðjuábyrgð.
- Ábyrgð notendafyrirtækis skv. lögum um starfsmannaleigur nær til vangoldinna launa og annarra launaþátta starfsmanna, allra innlendra sem erlendra fyrirtækja, í öllum atvinnugreinum sem það gerir samninga við - svokölluð keðjuábyrgð.
- Tekin eru af tvímæli um að þau stjórnvöld hér á landi sem málið varðar geti miðlað upplýsingum um starfsemina sín á milli.
- Kveðið er á um heimild Vinnumálastofnunar til að óska umsagnar stéttarfélaganna/aðila vinnumarkaðarins varðandi



ráðningarsamninga, launaseðla og vinnutímaskýrsla og skyldur til að afhenda stéttarfélagunum slíkar upplýsingar sé eftir því leitað.

- Heimildir til að leggja á starfsemina dagsektir gerðar skýrari.
- Heimild til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og sjálfstætt starfandi einstakling sem veitir Vinnumálastofnun ekki upplýsingar eða veitir stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.

## Heimsóknir á vinnustaði

Hér á þessari opnu eru nokkrar myndir af starfsmönnum við vinnustaðaefirlit. Heimsóknir á vinnustaði eru dæmi um virkt eftirlit sem veitir öllum aðilum aðhald. Við látum hlutaðeigandi aðila vita ef við verðum þess áskynja að erlendir starfsmenn fái ekki notið þeirra réttinda sem kjarasamningur og lög tryggja þeim. Eins hvetjum við félagsmenn FIT til hins sama ef þeir verða áskynja að brotið sé á starfsmönnum.





## Strákar hafa ekki meðfædda píparahæfileika

**Bryndís Heiða, Eyja og Ágústa eru sammála um að pípulagnir séu fag sem henti konum vel. Eftir viðkomu í sameindalíffræði, á viðskipta- og hagfræðibraut og múraranámi völdu þær fag sem er að þeirra sögn bæði skemmtilegt, krefjandi og góður grunnur að frekari menntun.**

Eyprúður, kölluð Eyja, vann á bílaleigu og ákvað að fara í iðnnám þegar hún varð leið á starfinu. „Ég byrjaði í múraranámi en í grunnnáminu í Tækniskólanum kynntist ég hinum fögunum, smiðnum, málara, húsgagnasmíði og pípulögnum. Ég heillaðist bara af píparánáminu og ákvað að færa mig. Í framhaldinu fékk ég starf hjá Veitum og er mjög sátt þar.“

Tæknin og leit að bestu lausnum heillaði Eyju. „Svo er þetta fjölbreytt starf og verið að vinna með ólík efni. Götulagnir og inntök er til dæmis ólíkt hefðbundnum pípulögnum. Mér hentar vel að vera

á hreyfingu og vinna með höndunum frekar en að sitja kyrr yfir einhverju.“ Eyja kveðst mjög sátt við þessa ákvörðun og finnst gaman að vinna við pípulagnir. Hún stefnir jafnvel á að fara í meistarann síðar.

Bryndís Heiða var á náttúrufræðibraut í menntaskóla og ætlaði í framhaldinu í læknisfræði. „Svo þorði ég ekki í inntökuprófið og eftir að hafa prófað sameindalíffræði og lyfjafræði í háskólanum ákvað ég að gera eitthvað allt annað og skráði mig í iðnnám.“ Hún segir að háskólanámið hafi ekki höfðað til sín og ekki séð sig fyrir sér vinna á rannsóknastofu. „Ég vildi þjálfa upp meira verksvit og læra eitthvað þar sem ég gæti gert hluti sjálf og þyrfti ekki á treysta á einhverja aðra. Mér finnst meira gaman að vinna með höndunum,“ segir Bryndís Heiða og bætir við að fjölbreytnin sé meiri en í mörgum þeirra starfa sem hefðbundið bóknám býr fólk undir.

„Svo ætla ég áfram í byggingatæknifræði og held að iðnnám sé skynsamlegur grunnur fyrir það. Þá er komin þekking á því hvernig



hlutirnir virka í grunninn.“ Bryndís Heiða telur að úr iðngreinunum komi fólk með sýn sem bætir við það sem hægt er að læra bóklega í byggingatæknifræðinni. Og pípulagnirnar eru að hennar mati góður grunnur þótt smíðar séu algengari. „Ég held að það sé svo mikilvægt að fólk mennti sig áfram í hönnun og tæknilegum hlutum úr öllum iðngreinum en ekki bara einhverjum tilteknum. Þá hefur fólk yfirsýn út frá sínu fagi. Svo fylgja náttúrulega meistara réttindi með áframhaldandi tækninámi eins og iðnfræði eða byggingatæknifræði t.d. Það er bara mjög fín menntun.“

Ágústa fór fyrst á félagsfræðibraut í menntaskóla og prófaði svo viðskipta- og hagfræðibraut. „Ég vil fara mínar eigin leiðir og þar sem ég fann mig ekki í bóklegum greinum lá ljóst fyrir að þetta átti ekki við mig. Þá rifjaðist upp fyrir mér að báðir afar mínir eru píparar. Ég var oft með þeim í vinnunni og sá hvað þeir voru að gera. Svo ég hugsaði með mér: Af hverju prófa ég ekki bara að fara þangað?“ Ágústa segist hafa verið allt of föst í þeim kassa sem samfélagið setur fólk í til að uppgötva þetta fyrr. Hún er mjög sátt við valið og stefnir á að fara beint í meistaranám eftir sveinspróf.

### Menntasnobbitnar á iðngreinunum

Þær eru sammála um að því miður sé iðnnám fyrir „utan kassann“ fyrir marga. „Ég held að fyrir fólk sem er að þrjúskast við að vera í háskóla, bara til þess að vera í háskóla, án þess að finna sig í bóklega náminu, þá geti vel verið að iðnnám henti betur.“ segir Eyja. Spurningin er bara hvort fólk fattar að prófa.

Bryndís og Ágústa telja menntasnobbitnar hindrun. „Ég fann alveg fyrir því,“ segir Bryndís, „sem er fáránlegt því starfið er skemmtilegt, launin síst verri en í fögum sem kalla á háskólamenntun og alltaf nóga vinnu að hafa. Ágústa segir pípulagnir ekki hátt skrifaðar hjá sumu fólki. „En fólk er yfirleitt ánæggt með að ég hafi valið þetta, farið mína eigin leið og staðið mig vel. Ég var alltaf mikið tölvunörd og margir áttu von á að ég færi í nám tengt tölvum. En ég þarf að vinna með höndunum og gæti ekki setið við tölvuskjá allan daginn. Í þessu fagi er enginn dagur eins og það hentar mér mjög vel.“

Eyja segir kynningar á iðngreinum því miður gjarnan settar þannig fram að þær séu frekar fyrir þá sem eiga erfiðara með nám. „Þannig upplifir maður það allavega en þessi ímynd er ofsalega röng. Þessari hugmynd þarf að breyta og það er að breytast en maður verður ennþá var við svona viðhorf.“ Hún segir þetta líka snúast um metnað: „Ætlaðu að velja þetta og verða góður pípari? Eða læra að setja saman hluti og hafa kannski ekki hugmynd um hvernig þeir virka? Það þarf að hafa skilning á bak við til að hafa tök á að finna nýjar lausnir og sjá hvort er hægt að gera hluti sem kannski virka betur.“

Bryndís kveðst hafa verið mikill bókaormur sem krakki. „Ég varð stúdent 18 ára og algert nörd, góð í raungreinum og með áhuga á vísindum. Þess vegna kom það mörgum mjög á óvart þegar ég fór að læra pípulagnir.“ Hún segist hafa tekið eftir því að þótt hún hafi verið með nefið ofan í bókunum þá hafi vantað upp á skilning á sumum verklegum hlutum. „Ég vildi víkka þetta út og verða góð í fleiru.“ Námið í pípulögnunum er flókið en á skemmtilegan og mjög krefjandi hátt,“ segir Bryndís. „Það gagnast að skilja eðlisfræði svo sá grunnur



### Ágústa: Ég skil ekkert í því af hverju það eru ekki fleiri stelpur í þessu námi

nýtist mér alltaf vel. Ég held að það sé gott fyrir fólk sem gengur vel í bóknaði að víkka sjóndeildarhringinn.“ Hún segir að það krefjist líka góðs skilnings að gera hluti vel. Og jafnvel þótt hún kysi síðar að gera eitthvað annað telur hún pípulagnirnar góðan grunn. „Þetta er hagnýtt nám og þekking sem nýtist alltaf og maður býr að. Svo væri alltaf hægt að hlaupa í verkefni þegar þau gefast.“

### Hættum að sjá þessi störf sem karla- eða kvennastörf

„Ég skil ekkert í því af hverju það eru ekki fleiri stelpur í þessu námi,“ segir Ágústa og bætir við að hún hafi sjálf haft litla trú á því í fyrstu að hún gæti lært pípulagnir. „En ef áhuginn er til staðar verður námið svo auðvelt og skemmtilegt líka.“

Eyja kveðst alltaf reyna að mæla með iðnnámi við aðra, en það séu alls ekki allir til í slíkt, sérstaklega ekki stelpur. Hvað veldur því getur átt sér margar skýringar. Eyja nefnir viðhorf í samfélaginu, þrýsting, skort á upplýsingum og svo bara venjurnar. Konur leiti jafnvel í störf þar sem konur eru fyrir í meirihluta og þannig viðhaldi kynjahallinn sér á vissan hátt. „Kannski eru stelpur bara hræddar við að fara í önnur fög en hefðbundin kvennafög. Þær óttast að litnið verði niður á þær eða þær ráði ekki við þetta.“

Bryndís nefnir mikilvægi fyrirmyndanna. „Miklu fleiri eiga pabba sem er pípari heldur en mömmu. Það hefur mikil áhrif.“ Hún kallar líka eftir viðhorfsbreytingu. „Þegar við hættum að sjá þessi störf sem kynbundin, karla- og kvennastörf og hættum bara að pæla í þessu, þá verður sjálfsagt að vinna við hvað sem er,“ segir Bryndís. „Fyrr verður ekki eðlilegt að velja sér hvað sem er. Það er orðið



**Bryndís: Það skiptir máli að vera í fagfélagi fyrir þá grein sem maður vinnur við.**

fullþreytt að heyra athugasemdir eins og; ert þú stelpa að vinna við þetta? Hverju breytir það? Þegar við erum öll hætt þessum hugsunarhætti þá verður þetta ekkert til að tala um.“

Ágústa bætir við að þótt eitthvað hafi verið „stráka“ þetta og „stelpu“ hitt þá sé það úrelt núna. „Það að koma inn í skóla og hefja nám þar sem fyrir eru 70 strákar og þrjár stelpur skiptir bara engu máli.“ Hún segir engan hissa eða velta þessu fyrir sér. „Innan skólans eru við komin þangað í viðhorfum sem betur fer. Best væri að sem flestum væri sama hvors kyns viðkomandi er þegar val á námi kemur til tals.“ Bryndís tekur undir með að innan skólans séu allir mjög ljúfir og vinni sem einn hópur.

En Ágústa óttast að enn eimi eftir af fordómum utan skólans og telur að margar stelpur óttist að verða fyrir þeim ef þær velja tiltekið nám. Hún nefnir líka ótta við að verða jafnvel fyrir áreitni fyrir að hætta sér út í hefðbundin karlafög. En hafi slíkt verið þá kveðst hún ekki finna fyrir slíku núna.

Þær kannast allar við að lenda í alls kyns gödlátlegu gríni í faginu en segjast forðast að vera hörundsárar og kippa sér ekki upp við það. Eyja segir mikilvægt í þessu fagi eins og öllum öðrum að láta fólk vita ef það fer yfir ákveðin mörk. „Sumir strákar átta sig kannski ekki á því sjálfir og þá er um að gera að benda þeim á það.“

Bryndís kveðst mæta alveg ótrúlega góðu viðmóti, að fólk finnist svo jákvætt að stelpa sé pípari. Eyja bendir á að það segi samt allir eitthvað sem henni finnst benda til þess að engum finnst það alveg sjálfsgagt að stelpur sé að vinna þessa vinnu þótt viðbrögðin séu í

sjálfu sér jákvæð. „Svo heyri ég stundum hvað við séum heppnar að vera í pípulögnum núna því við stelpur hefðum ekki getað unnið við fagið fyrir 20 árum eða svo. Þetta er frá þessari kynslóð sem virðist hafa þurft að bera pottofna upp á fimmtu hæð í lyftulausum blokkum dags daglega.“

Eyja rifjar upp að margir verði afar hjálplegir og stundum aðeins of þótt allir vilji auðvitað vel. „Það getur verið kjánalegt að lenda í því í vinnunni sinni að einhverjir bjóðist til að hjálpa mér við að halda á einhverju eða annað slíkt. Þá er smávegis eins og fólk hafi ekki alveg trú á að ég geti unnið vinnuna mína. En þetta er alltaf vel meint.“ Hún kveðst mjög ánægð með sinn vinnustað því hjá Veitum sé lagt mikið upp úr jafnrétti og að komið sé vel fram við alla.

Þær leggja áherslu á að eyða fordómum gagnvart iðnnámi með markvissri kynningarstefnu. Markmiðið væri ekki síst að opna fögin enn frekar fyrir konum. Ágústa segir mikilvægt að koma ungu fólki í skilning um að þetta sé ekki erfitt og enginn eigi að vera feiminn við að prófa eitthvað nýtt. Eyja segir reynsluna koma hratt. „Í byrjun er allt nýtt fyrir okkur en það á við í öllum fögum og um alla nema, líka strákana. Heilt yfir er það algerlega einstaklingsbundið hvað fólk hefur snert mikið á verklegum störfum eða fengið mikla reynslu, ekki kynbundið. Svo þetta er bara spurning um að drífa sig og prófa.“ Bryndís bætir við: „Strákar eru nefnilega ekki með neina meðfædda pípulagningarhæfileika.“

Ranghugmyndir um fagið og störf pípara eru mögulega hindrun fyrir bæði stráka og stelpur. „Sumir virðast halda að við séum í kúk

og pissi alla daga," segir Eyja. „En fagið er í raun mjög hreinlegt í dag. Svo eru verkefni ólík og viðeigandi búnaður notaður í ólíkum verkum. Það er fullt af störfum sem eru mismunandi hreinleg eða óþrífaleg þannig að það er beinlínis asnalegt að einblína á óþríf varðandi þetta tiltekna fag.“

## Mikilvægt að grunnskólanemar fái að prófa verklegar iðngreinar

Allar sakna þær þess að hafa ekki fengið tækifæri til að kynnst iðnnámi og pípulagnafaginu fyrr. Eyja segir að í ljósi reynslunnar muni þær vonandi líta öðruvísi á málin þegar þeirra börn fara að velja sér fag. „Við myndum kannski ekki þrýsta á þau að fara í iðnnám en verðum vonandi mun opnari fyrir því en fyrr kynslóðir. Við getum líka kynnt iðnnámið fyrir okkar börnum á annan hátt en það var kynnt fyrir okkur.“ Hún rifjar upp að í grunnskóla hafi iðnnám verið lítið kynnt. „Okkur voru kynntir menntaskólar og fjölbrautaskólar en það vantaði kynningu á iðngreinum í heild. Það var kannski talað um að hægt væri að fara í iðnnám og verða t.d. smiður en iðngreinarnar voru ekki kynntar hver fyrir sig.“ Sjálf kynntist Eyja ekki pípulögnum sem fagi fyrr en hún hóf nám í Tækniskólanum, upphaflega í múrverki.

Ágústa kveðst sjá eftir að hafa ekki byrjað í faginu strax eftir grunnskólann. „Ég er búin að prufa eitt og annað sem er auðvitað ágætt en ég gæti núna verið búin með sveinspróf og jafnvel meistaran líka. Þó að það sé gaman í þessu núna hefði ég viljað byrja miklu fyrr.“ Hún telur að ef hún hefði bara fengið að prófa og kynnst faginu fyrr hefði hún líklega áttað sig á því hvað þetta ætti vel við sig. „Ef ég hefði fengið í grunnskóla að prófa að setja saman rör t.d. þá hefði þessi áhugi kviknað miklu fyrr. Allavega í mínu tilfalli. Líka ef þessi karlastarfsstimpill væri ekki á faginu þá hefði ég ekki hikað svona. En aðalatriðið er að krakkar séu látnir prófa sem mest og fjölbreyttast í grunnskóla. Í versta falli finnst þér það leiðinlegt og þú áttar þig á að þetta á ekki við þig. Þá er bara að prófa eitthvað annað.“

„Í grunnskóla er bara textílmenn og smiði,“ segir Bryndís. „Af hverju er ekki bara kynning á öllum iðngreinum í stað þess að sauma hálfan vetur og smiða hálfan? Eða gera það sem Tækniskólinn er að gera hér í grunnnáminu að kynna allar iðngreinar þar?“ Eyja rifjar upp að í smíði fengu krakkarnir að nota rennibekk og vinna aðeins úr tré. „Við fengum til dæmis ekki að prófa að sjóða neitt saman.“ Bryndís telur líklegt að flestir smiða- eða handmenntakennarar í grunnskólunum séu með smíði sem bakgrunn enda yfirleitt mun fleiri smiðir að útskrifast en úr öðrum fögum. Píparar eru því ekki mjög sýnilegar fyrirmyndir fyrir skólakrakka. „Ég þekkti engan pípara þegar ég byrjaði í þessu fagi,“ segir Eyja og Bryndís segir það sama eiga við um sig.

Samstarf Árbæjarskóla og Orkuveitunnar er gott dæmi um hvað hægt væri að gera að mati Eyju. Krakkar í 10. bekk geta tekið kynningu á verknámi sem valáfanga. „Við fáum til okkar hópa, bæði stelpur og stráka. Ég kynni fyrir þeim pípulagnir og við leyfum krökkunum að prófa að tengja blöndunartæki, sjóða saman cpr plast og pressa þunnveggjastálrör. Þetta finnst þeim mjög gaman og svo

fá þau líka að kynnst vélvirkjun, rafvirkjun og fleiri fögum.“ Þetta mætti gera víðar enda mjög mikilvægt á þessum aldri að krakkar fái að prófa að vinna verkefni í höndunum, ítrekar hún.

Eyja segist hafa tekið sérstaklega eftir því hve margar af stelpunum séu fljótar að leysa verkefni. „Þær eru svo snöggar að skoða teikningarnar, spá í vandamálið og finna lausnirnar. Ég sé ekkert í standa í vegi fyrir því að ungar stelpur byrji fyrr í iðnnámi án þess endilega að taka stúdentspróf fyrst.“ Í 9. og 10. bekk er komið að því að krakkar velji nám að loknum grunnskóla og þá þurfa að þau að hafa fengið kynningu á ólíkum leiðum til að hafa forsendur fyrir valinu, bendir Eyja á. „Þetta gætu verið styttri áfangar, t.d. að kenna ólík fög í u.þ.b. einn mánuð hvert yfir veturinn. Byrja á bóklegu, sögu fagsins, um hvað það snýst, hvaða efni eru notuð og hafa svo verklegt þar sem nemendur fá að prófa.“ Smiða- eða textílstofurnar gætu nýst að mati Eyju sem rifjar upp þegar hún fékk að prófa skartgripasmíði í skólanum. „Það var ótrúlega gaman og mikil tilbreyting. En auðvitað þarf mannskap og kennara til að þetta sé hægt.“

Grunnnámið í Tækniskólanum með kynningu á öllum iðngreinunum fær hrós frá Eyju. „Núna er ég svo ánægð með þetta en í byrjun hugsaði ég af hverju ég gæti ekki bara sleppt þessari einu önn og farið bara beint í múrverkið. Svo var þetta að mestu mjög skemmtilegt. Reyndar voru mörg fög kynnt og ég þurfti að fara gegnum kynningu á dúklögn og málaraíðn þótt ég hefði ákveðið að fara ekki í þær greinar. En eftir á að hyggja hjálpar þetta allt. Það er gott að fá innsýn í önnur fög og vita hvað hitt fagfólkið er að gera því þá eykst skilningur okkar á milli. Þegar skipuleggja þarf stærri verk verður að vera ljóst hver gerir hvað og hvenær og í hvaða röð hlutir þurfa að gerast.“



**Eyja: Mér hentar vel að vera á hreyfingu og vinna með höndunum frekar en að sitja kyrr yfir einhverju**



## Iðngreinar hagnýta tækniframfarir en hverfa ekki

Þær Eyja, Bryndís og Ágústa velta fyrir sér þróun fagsins, tækniframförum og starfsöryggi. Eyja kveðst ekki sjá eftir tímanum sem fór í stúdentsprófið sitt en ef hún hefði aðeins haft fjögur ár til náms hefði hún viljað fara beint í iðnina. Ein af ástæðunum er starfsöryggið en einnig tekjumöguleikar. Alltaf er verið að byggja og samfélagið að þróast. Hiti og vatn mætir grunnþörfum sem aldrei úreldast. Og ef eitthvað fer úrskedis þarf að lagfæra það. „Það geta líka svo sem allir skipt um blöndunartæki heima hjá sér en ef þú vilt að það leki ekki eða hafa hlutina vel gerða þá færðu fagmanneskju í verkið,” segir Ágústa og bætir við að árlega verði vatnstjón hér á landi upp á um einn og hálfan milljarð króna að meðaltali. „Þessi tjón fást yfirleitt ekki bætt nema löggiltur aðili hafi unnið verkið.“

Ágústa bendir á að jafnvel margt háskólanám sé í dag lítil trygging fyrir starfi og svo sé tæknipróun að fækka mannlegum störfum á mörgum sviðum. Þær eru allar sammála um að iðngreinar breytist með tækniframförum en þær ógni ekki störfum iðnaðarfólks. „Þú getur afgreitt þig sjálf í verslun eða sett róbót á afgreiðslukassa en það er erfitt að skipta pípara út fyrir eitthvert vélmenni,” segir Ágústa og bætir við að iðngreinar verði mikilvægar í framtíðinni. „Þótt hægt væri að hanna vélmenni sem geti jafnvel byggt hús þá þurfi mannlegan þátt til að átta sig á þörfum verkkaupa. Iðngreinar eru ekkert að hverfa þótt tæknin hafi aukist til muna.“

Allar eru þær spenntar fyrir tækniframförum í faginu og segja gaman að fylgjast með þeim. „Það er mjög mikið um nýjungar í faginu,” segir Bryndís en bætir við að fólk átti sig kannski ekki alltaf á þeim. „Allir þurfa að nota hreinlætistæki og hafa hita hjá sér. Þetta eru svo sjálfsagðir hlutir og sjálfri fannst mér þetta ekkert rosalega spennandi í byrjun. En svo fer maður að læra meira og skilja hvað er í raun á bak við eitthvað jafn einfalt og að skrúfa frá krana til að fá vatn.“

## Stéttarfélagið er mikilvægur bakhjarl

Þær hafa allir fengið námssamning. Eyja segir kennarana og meistarafélagið hjálpa til við að finna fyrirtæki sem taka nema. Hún hvetur iðnnema til að nýta alla aðstoð sem býðst við að komast á námssamning. „Svo skiptir máli að velja vel og kynna sér fyrirtækin fyrir fram því þau eru oft sérhæfð og misjafnt hvort neminn hefur áhuga á viðhaldsverkefnum eða störfum við nýbyggingar.“

Flestir nemandur í þessu fagi fá góð verkefni og hafa góða reynslu af samningstímanum að mati Eyju. „Það er mikilvægt eins og í öllum fögum að nemi á samningi fái að prófa sem mest og sé alls ekki settur í of einhæf verkefni, þá nær neminn ekki að kynnast öllum hliðum á starfinu.“

Ágústa segir sína reynslu þá að fyrirtækjum finnist jákvætt að fá konur á samning þar sem þær eru í minnihluta og fyrirtækin vilja jafna hlut kynjanna eins og kostur er. „Þar sem ég var á samningi, var það lítið jákvæðum augum að hafa konu meðal starfsfólksins.“

Stéttarfélagið er mikilvægur bakhjarl fyrir bæði nema og sveina að mati þeirra Eyju, Bryndísar og Ágústu. Þangað þarf að leita ef eitthvað kemur upp á til dæmis á samningstíma. „Fólk má alls ekki vera hrætt við að leita aðstoðar hjá félaginu sínu eða viðeigandi aðilum,” segir Eyja. Hún hvetur félagsmenn líka til að nýta styrki og annað sem félagið býður upp á. „Ég er t.d. nýbúin að fara á logsuðu- og plastsuðunámskeið hjá Iðunni, sem boðið var uppá í gegnum vinnuna hjá mér. Það var fínt að fá þessi námskeið og vel staðið að þeim.“

Bryndís bendir á að það borgi sig að vera í réttu stéttarfélagi. „Það skiptir máli að vera í fagfélagi fyrir þá grein sem maður vinnur við.“ Hún nefnir sem dæmi aðgang að endurmenntunarnámskeiðunum hjá Iðunni-fræðslusetri gegnum Félag iðn- og tæknigreina.

„Kynning á réttindum, kjarasamningum og stéttarfélögum þarf að vera á mannamáli,” segir Ágústa. „En það er ekki fyrr en maður þarf á aðstoð eða upplýsingum að halda sem maður fer að leita fyrir sér og þá er mikilvægt að upplýsingarnar séu sem aðgengilegastar og maður viti hvar maður á að leita.“

## Hvetja fólk til að skella sér í djúpu laugina

Þær stöllu mæla með að allir sem hafi minnsta áhuga á iðngreinum skelli sér í að prófa. Eyja segir sorglegt ef fólk er óhamingjusamt í starfi árum saman en þori ekki að breyta til. „Það er um að gera að stökkva þá aðeins í djúpu laugina og prófa eitthvað nýtt.“ Ágústa bendir líka á að enginn sé of gamall til að læra og í raun skipti aldur fólks engu hvað það varðar. „Eldra fólk í námi býr að annarri reynslu en í sjálfu faginu er viðkomandi jafn ferskur og 16 ára einstaklingur.“ Í upphafi náms eða starfs eru allir byrjendur og Ágústa hvetur fólk til að prófa. Fögin eru ótrúlega mörg og ólík og um að gera kynna sér fjölbreytnina sem er í boði. „Og ef það gengur ekki þá bara prófa eitthvað annað,” segir Ágústa. „Tímanum er vel varið og það er engu að tapa að fá smá reynslu í iðngrein. Það lokar líka engum dyrum því það er alltaf hægt að halda áfram og fullt af öðrum dyrum opnast í leiðinni“



# Í fyrsta sinn sem þrjár konur læra pípulagnir á sama tíma

**Aldrei áður hafa þrjár konur verið að læra pípulagnir á sama tíma, segir Gunnar Sigurjónsson, kennari í pípulögnum í Tækniskóla Íslands. „Þær hafa verið hér ein og ein en verið afar vel tekið og gengið vel í náminu.“**

Gunnar segir ekkert í vinnu við pípulagnir sem ætti að stöðva konur. Séu einhver verkefni mjög líkamlega erfið eru notuð tæki, fengin aðstoð eða hugsað í nýjum lausnum. „Enginn munur er á kynjunum hvað þetta varðar.“

Aðspurður hvað valdi þá lítilli aðsókn kvenna í námið nefnir Gunnar ímynd fagsins. „Sumir sjá fyrir sér daglega vinnu við klósett sem er óskiljanlegt. Ef fólk veit hvað það er að gera þá er þetta starf alls ekki óþrífalegt.“ Þessi ranghugmynd gæti skýrt af hverju konum fjölga hraðar í öðrum iðngreinum svo sem smíði, rafvirkjun og bílgreinum. En nú virðist konunum vera að fjölga og Gunnar fagnar því að augu þeirra opnast fyrir möguleikunum í þessari grein.

„Í þessu fagi er alltaf nóg af störfum og yfirleitt gefur það vel af sér. Fagmenn sem skila góðu verki hafa alltaf nóg að gera. Fólk vill hafa sturtuna í lagi og ofnana heita hvað sem öðru líður.“ Gunnar nefnir sem dæmi að í kjölfar hrunsins þegar nýbyggingar drógust mikið saman hafi verið næg verkefni hjá pípurum. Viðhaldsverkefni voru næg. „Í ástandi eins og nú ríkir kemur í ljós að það

vantar fólk til að sinna viðhaldsverkefnunum. Við sjáum kvartanir yfir að ómögulegt sé að finna pípara í smærri verkin.“

## Kynningarvinnan er að skila sér

Gríðarmikil vinna við að kynna iðnnám og þar með pípulagnir er að skila sér að mati Gunnars. „Við erum á rétttri leið. Að það séu þrjár konur í námi á sama tíma og að flestar umsóknir í Byggingatækniskólann sl. haust voru í pípulagnir, segir sína sögu.“ Hann segir að uppsveiflan í faginu sjáist líka á samsetningu nemahópsins. „Í gegnum tíðina hefur fólk verið að koma í skólann sem hefur verið að vinna í faginu árum saman og þekkir það og fer í námið til að ná sér í réttindin. Núna er aftur á móti stór hópur sem er að koma alveg nýr inní fagið og hefur ekkert unnið við þetta áður. Á þessu sést að kynningarvinnan er að skila sér og það er mjög jákvætt.“

---

**Gunnar Sigurjónsson: Ekkert í vinnu við pípulagnir ætti að stöðva konur**



# Heldrimannaferð FIT 2018

**Félag iðn- og tæknigreina fór í sína árlegu „Heldrimannaferð“ föstudaginn 7. september 2018. Þessi ferð var 15 ára afmælisferð FIT en félagið er stofnað á vormánuðum 2003. Þátttaka félagsmanna í ferðinni hefur aldrei verið betri en um 100 félagsmenn frá höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Akranesi og Suðurnesjum fóru í þessa afmælisferð á tveimur rútum frá Borgartúni 30.**

Að þessu sinni var farið á ýmsa staði á Reykjanesi. Fyrsti viðkomustaðurinn var Reykjanesvirkjun þar sem Albert Albertsson hugmyndasmiður tók á móti okkur og fræddi okkur um ýmislegt varðandi virkjunina og jarðfræði. Síðan var haldið í hádegismat í KK salnum í Reykjanesbæ og eftir snæðing tók Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri á móti okkur í Duus húsi. Sýningar í Duus húsi eru fjölmargar en þó voru það aðalega tvær sýningar sem menn höfðu áhuga á en það var Bátasýning Gríms Karlssonar þar sem rúmlega 100 bátalíkón eru til sýnis og sýningin „Silver Cross“ þar sem fjöldi glæsilegra barnavagna frá ýmsum tímum eru til sýnis.

Rokksafnið í Reykjanesbæ var síðan skoðað í leiðsögn forstöðumanns safnsins. Síðan var ekið til Grindavíkur þar sem kaffiveitingar biðu eftir okkur á Saltfisksetrinu.

Með þessu öllu var „tekið til altaris“ reglulega og eins var sungið með undirspili harmonikku. Mikil glaðværð og kátína var meðal

manna og allir ánægðir í ferðalok sem var um kvöldmatarleytið. Með í þessari ferð var formaður FIT Hilmar Harðarson, Rúnar Hreinsson „hirðljósmyndari“ ásamt tveimur starfsmönnum og fararstjórum, Gunnari Halldóri Gunnarssyni og Ólafi Sævari Magnússyni.

**Gleði og glaðværð einnkenna  
ferðir heldri félagsmanna FIT**



# Útskrift haust 2018

## Útskrift nýsveina fór fram þann 20. september sl. á veglegri nýsveinahátíð á Hótel Nordica.

Vel var mætt á hátíðina sem Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri IÐUNNAR ávarpaði að vanda. Að afhendingu lokinni buðu stéttarfélögin og viðkomandi meistarafélög uppá veitingar, sem nýsveinar og gestir gerðu góð skil. IÐAN-fræðslusetur hafði umsjón með hátíðinni sem var hin glæsilegasta.

Hafa eldri iðnaðarmenn haft á orði að ánægjulegt sé hversu veglega sé staðið að nýsveinahátíðum og sveinsbréfaafhendingum undanfarin ár.

Afhent voru 74 sveinsbréf í eftirtöldum greinum:

- 23 í bifvélavirkjun
- 4 í bifreiðasmíði

- 10 í bílamálun
- 17 í húsasmíði
- 4 í málaraiðn
- 5 í múraraíðn
- 4 í pípulögnum
- 3 í blikksmíði
- 2 í stálsmíði
- 2 í vélvirkjun

Afhent voru verðlaun fyrir hæstu einkunn á sveinsprófi í hverri grein.

Við óskum nýsveinum til hamingju með áfangann.

Sjá má fleiri myndir frá athöfninni á myndasafni fit.is og á facebooksíðu FIT.







Húsgagnsmíði



Bífreiðasmíði



Málaraíðn



Stálsmíði



Múrarar



Blikksmíðir



Rennismíðir



Pípjarar



Vélvirkjun



Bifvélavirkjun



Bílamálun



Húsasmíði





# ASÍ þing

**Drífa Snædal er fyrsta konan sem er kjörin í embætti forseta ASÍ í 102 ára sögu Alþýðusambands Íslands.**

**Drífa Snædal var kjörin nýr forseti ASÍ á þinginu. Hún hlaut 192 atkvæði eða 65,8% en Sverrir Mar Albertsson 100 atkvæði eða 34,2%. Drífa Snædal er 45 ára viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands auk þess að vera með meistaraþróf í vinnumarkaðsfræðum og vinnurétti frá Háskólanum í Lundi. Drífa hefur starfað sem framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands frá árinu 2012 en áður var hún framkvæmdastjóri Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og Samtaka um Kvennaathvarf.**

Tveir buðu sig fram til 1. varaforseta ASÍ. Guðbrandur Einarsson formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja og Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness. Atkvæði féllu þannig að Vilhjálmur Birgisson hlaut 59,8% en Guðbrandur Einarsson 40,2%. Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður Rafiðnaðarsambands Íslands var sjálfkjörinn í embætti 2. varforseta. Þá varð mikil endurnýjun í miðstjórn sambandsins en af 15 aðalmönnum komu 9 nýir inn.

Á þingi ASÍ var mörkuð stefna í þeim fimm málaflokkum sem voru sérstaklega til umfjöllunar á þinginu og í aðdraganda þess. Í maí og september voru farnar tvær hringferðir um landið og haldnir 18 fundir á 11 stöðum þar sem vel á sjötta hundrað manns í grasrót verkalýðshreyfingarinnar fjölluðu um málaflokkana fimm. Umfjöllun um þá var svo framhaldið á 43. þingi ASÍ þar sem 300 þingfulltrúar komu að vinnunni. Málaflokkarnir sem um ræðir eru eftirfarandi:



- Tekjuskipting og jöfnuður
- Húsnæðismál
- Heilbrigðismál og velferð
- Tækniþróun og skipulag vinnunnar
- Jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs



Mynd: Elin Stopp/Heimn Magnússon.

Margrét Sharmaine Ólafsdóttir, nemi á bíltæknibraut Borgarholtsskóla, mars 2018.

## Reiknum með framtíðinni!

Með magnaðri lífeyrisreiknivél á vefnum **birta.is** er einfalt mál að reikna út eftirlaun miðað við mismunandi forsendur um aldur, tekjur, viðbótarsparnað og tilgreinda séreign.

Niðurstöður eru að sjálfsgöðu vísbendingar eða viðmiðanir en ekki endanleg svör við spurningum um hve mikil eftirlaun bíði að starfsferli loknum.

Önnur reiknivél á **birta.is** sýnir greiðslubyrði sjóðfélagalána, verðtryggðra, óverðtryggðra eða blandaðra lána, miðað við breytilegar forsendur um lánstíma og vexti.

Lífeyrissparnaður og lán til fasteignakaupa varða líf og starf ævina alla. Við hvetjum ungt fólk á vinnumarkaði alveg sérstaklega til að velta fyrir sér öllum kostum og nýta meðal annars til þess reiknivélar á vefnum okkar.

Við reiknum með framtíðinni á **birta.is**!